

ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL Í FJARNÁMI – ÁLMENNAR RÁÐLEGGINGAR

Það er gott að muna að best væri ef námsefni innihaldi eftirfarandi þætti:

- ⇒ Hlustun
- ⇒ Lestur
- ⇒ Tal
- ⇒ Ritun

1. Hlustun

- ⇒ myndbönd, hlaðvarp, tónlist, hljóðbækur

Fjarkennsla gegnum netið býður upp á ótal möguleika. Þið getið fundið þætti, fréttir, heimildarmyndir o.fl. (til dæmis á rúv) og beðið nemendur um að hlusta eða horfa á efnið. Svo getið þið hist með því að nota Facetime, Skype, Google Hangouts eða Zoom og rætt innihaldið. Þið getið ennig undirbúið spurningar fyrir nemendur (skriflegar eða tekið þær upp) út frá efninu og beðið þá um að taka svörin upp og senda ykkur.

2. Lestur

- ⇒ rafbækur, fréttir, blogg færslur, stuttar sögur

Hér er hægt að gera ýmislegt ☺ Augljóst er að það er einfaldast að biðja nemendur um að lesa og svara spurningum út frá texta. Það er einnig hægt að biðja nemendur um að lesa upphátt og taka upp. Hluti af vinnu með texta getur líka verið upptaka á ykkar lestri fyrir nemendur (hér er kjörið tækifæri til að tengja þennan þátt við hlustun).

Hér getið þið einnig valið orðaforða sem nemendur þurfa að læra og þjálf og útbúið æfingar fyrir t.d. bitsboard, quizizz, kahoot, quizlet o.s.frv.

Þessi síða er líka sníðug til að útbúa æfingar með orðaforða: <https://wordwall.net>

3. Tal

Endilega notið efnið sem þið hafið notað til að æfa hlustun og lestur. Nemendur geta t.d. útbúið glærusýningu um efnið og talað inn á glærurnar. Hljóðskilaboð geta einnig verið skemmtileg leið til að æfa tal.

4. Ritun

Hér eru ótal möguleikar. Mjög gott er að nota efni sem þið hafið notað til að þjálf aðra þætti tungumálsins og útbúa æfingar í kringum það.

Þið getið líka notað tilbúna ritunaræfingar sem nemendur ykkar prenta, fylla út eða leysa og svo skanna með lpad og senda ykkur. Þið getið einnig notað Google Drive og Google Docs. **Padlet** er sníðugt app fyrir ritunaræfingar fyrir einstaklinga og heila hópa.

Munið líka eftir:

fjолmenning.kopavogur.is

erlendir.akmennt.is

tungumalatorg.is

Skólavefurinn

Quizlet (fullt af tilbúnu efni í íslensku sem annað mál þar) – ég mæli sérstaklega með tilbúnu efni frá Raket (**Íslenskunáman**) <https://quizlet.com/raksig>

Bitsboard (líka fullt af tilbúnu efni)